

Eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur

Drög kynnt á opnum ársfundi OR 23. júní 2011

Dagur B. Eggertsson
formaður eigendanefndar

OR í 11 ár

- Þjónusta við íbúa hefur verið traust og lengst af gegn sílækkandi raunverði.
- Eigendum hefur fækkað.
- Eignir hafa aukist.
- Skuldir hafa vaxið stórlega.
- Greiðslur til eigenda hafa lengst af verið stöðugar.
- Miklar deilur hafa verið um starfsemina.



Skarpari sýn

- Eigendanefnd sett á fót í júní 2010.
- Erindisbréf:

Eigendanefnd Orkuveitu Reykjavíkur er sameiginlegur vettvangur þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu og hefur það hlutverk að móta fyrirtækinu eigendastefnu.

Ýmis verkefni:

Mótun tillagna að eigendastefnu á grundvelli tillagna stjórnar OR, sem lagðar eru fyrir viðkomandi sveitarstjórnir.

Mótun tillagna að uppskiptingu fyrirtækisins, á grundvelli tillagna fyrri eigendanefndar, auk umfjöllunar um hlutverk sveitarstjórna sem eigenda auðlinda og hinna uppskiptu fyrirtækja, auk verka- og ábyrgðarskiptingar milli stjórna fyrirtækjanna og helstu stjórnenda þeirra.

Mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð, sameignarsamningi og samþykktum, eftir því sem ofangreint krefur, sem lagðar eru fyrir viðkomandi sveitarstjórnir.



Nefndin

Nefndarfólk:

- Dagur B. Eggertsson, formaður
formaður borgarráðs
- Björn Bjarki Þorsteinsson
formaður byggðaráðs Borgarbyggðar
- Hanna Birna Kristjánsdóttir
borgarfulltrúi
- Guðmundur Páll Jónsson
formaður bæjarráðs Akraness
- Jón Gnarr
borgarstjóri
- S. Björn Blöndal
varaborgarfulltrúi
- Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi

Með nefndinni hafa starfað:

- Bæjarstjórinn á Akranesi
- Sveitarstjórinn í Borgarbyggð
- Forstjóri og stjórnarformaður OR
- Borgarlögmaður
- Formaður og varaformaður umhverfis- og auðlindaráðs Reykjavíkurborgar

Einnig:

- Fjármálastjóri og innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar.
- Lögfræðingur OR.



Starfið

Stiklur:

- 1. fundur 6. ágúst 2010.
- 11. fundir að baki.
- Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef OR.
- Drög til umræðu afgreidd 3. júní 2011.

- 3. sept. fór nefndin fram á frestun uppskiptingar OR.
- Samþykkt á Alþingi 18. des. að fresta gildistöku um eitt ár.

Helstu gögn:

- Heildarstefna Orkuveitu Reykjavíkur, samþ. af stjórn 30. desember 2009.
- Eigendastefna ríkisins 2009 – Fjármálafyrirtæki.
- OECD Guidelines on Corporate Governance of State-owned Enterprises.
- Skýrsla fyrri eigendanefndar OR, dags. í október 2009.
- Skýrslur um REI
- Minnisblöð, umræður og ábendingar á fundum nefndarinnar.



Drög að eigendastefnu

Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindu hlutverki fyrirtækis, skýru umboði handahafa eigendavalds, stjórnar og forstjóra, lýsingu á kröfum um stjórnunarhætti, ásamt öfluggu eftirlitskerfi skapast fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Með skýrri eigendastefnu er leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins.

Eigendastefnan er sáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórnnum og staðfestar á eigendafundi.

Eigendastefnan skal vera almenningi og fjölmiðlum aðgengileg.



Nokkur lykilákvæði I

- 3.1.1 Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni og rétti komandi kynslóða.
- 3.1.4 Orkuveita Reykjavíkur skal skila eigendum arði af því fé sem þeir eiga bundið í fyrirtækinu og viðskiptavinum þjónustu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði.



Nokkur lykilákvæði II

- 3.4 Kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fráveitu og gagnaveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni.
- 3.5 Meginstarfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur er Suðvesturland. Tækifæri annarsstaðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en í þau er ráðist.



Nokkur lykilákvæði III

- 4.3.1 Orkuveitu Reykjavíkur ber að setja sér áhættustefnu til að draga sem kostur er úr áhrifum ytri fjárhagslegra áhættuþátta á tekjur, þjónustu, eignir og skuldir fyrirtækisins.
- 5.3.5 Óvenjulegum, veigamiklum eða stefnumarkandi ákvörðunum skal stjórn vísa til eigenda.
- 7.1 Áform um virkjanir eða aðra nýtingu auðlinda á óröskuðum svæðum, hvort sem svæðin eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur eða annarra, teljast til veigamikilla og stefnumarkandi ákvarðana og skulu því koma til kasta eigenda, sbr. gr. 5.3.5.



Helstu áherslubreytingar I

1. Hlutverk fyrirtækisins er skýrt. Hefðbundin veitustarfsemi er meginhlutverk þess og öll frávik frá því komi til kasta eigenda.
2. Eigendur skilgreina kröfu um arðsemi rekstursins, arðgreiðslur og viðmið í því efni.
3. Sú krafa er gerð að arðsemi verð tengd áhættu og fjármögnun einstakra rekstrarþátta.
4. Stjórn er gert að leggja áhættuþol eigenda til grundvallar ákvörðunum.



Helstu áherslubreytingar II

5. Gerð er krafa um að afgangur af auðlindanýtingu verði bókfært hjá fyrirtækinu og að sú fjárhæð verði lágmarksarðgreiðsla til eigenda ár hvert.
6. Allar skuldbindingar umfram 5% af eigin fé skulu hljóta fyrirfram samþykki eigenda, einnig þær sem undanskildar eru í núverandi sameignarsamningi, þ.e. skammtímalántökur, greiðsluskuldbindingar samkvæmt fjárhags- og framkvæmdaáætlun, samningar um raforkukaup og sölu svo og greiðsluskuldbindingar sem forstjóra er heimilt að stofna til án atbeina stjórnar.
7. Áskilið er að tillögum um skuldbindingar, sem vísað er til eigenda, skal fylgja áhættumat af hálfu fyrirtækisins.



Helstu áherslubreytingar III

8. Gerð er krafa um að stjórn vísi óvenjulegum, veigamiklum eða stefnumarkandi ákvörðunum til eigenda.
9. Ákvarðanir um nýjar virkjanir og framkvæmdir á óröskuðum svæðum skulu í öllum tilvikum bornar undir eigendur.
10. Aðalfundir OR verða opnir almenningi.
11. Eigendafundur skal haldinn í desember ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar OR og langtímaáætlunar um fjárfestingu og rekstur.



Helstu áherslubreytingar IV

12. Gerð er krafa um að stjórn vísi óvenjulegum, veigamiklum eða stefnumarkandi ákvörðunum til eigenda.
13. Ákvarðanir um nýjar virkjanir og framkvæmdir á óröskuðum svæðum skulu í öllum tilvikum bornar undir eigendur.
14. Aðalfundir OR verða opnir almenningi.
15. Eigendafundur skal haldinn í desember ár hvert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar OR og langtímaáætlunar um fjárfestingu og rekstur.



Dæmi um breytta málsmeðferð

Raforkusölusamningar og virkjanir.

Hafa komið til kasta eigenda þar sem þær hafa varðað skuldbindingar yfir 5% af eign fé en mun nú fylgja sérstakt áhættumat fyrir verkefni í heild. Slíkt mat vantaði m.a. þegar viljayfirlýsing um raforkusölu til álvers í Helguvík var afgreitt í stjórn OR.

Kaup/sameining á veitum.

Var áður einungis málefni stjórnar OR. Kæmi til kasta sveitarstjórna ásamt arðsemi- og áhættumati.

REI – stofnun dótturfélaga var áður aðeins mál stjórnar OR.

Myndu hér eftir ekki vera stofnuð án samþykkis eigenda. Jafnframt myndu áform um sölu og/eða hlutafjárútkningu, líkt og gert var á stjórnar- og eigendafundi OR haustið 2007, koma til kasta sveitastjórna sem óvenjulegar og veitumiklar ákvarðanir ásamt áhættumati.

Skammtímafjármögnun/lánalínur og endurfjármögnun.

Hafa verið mál stjórnar OR en munu nú koma til kasta eigenda teljist þær fela í sér skuldbindingar yfir 5% af eiginfé eða verri kjör en áður.



Það sem eigendur þurfa að staðfesta

- Starfsreglur stjórnar
 - Kveða m.a. nánar á um valdmörk stjórnar og forstjóra
- Arðsemiskröfur til starfspáttá og mælikvarðar þar að lútandi
- Áhættustefna OR



Grein 5.6 Hæfi stjórnarmanna

Val á stjórnarmönnum skal vera gagnsætt og forsendur fyrir vali stjórnarmanna skulu vera opinberar. Stjórnarmenn skulu vera:

Óháðir hvað varðar tengsl við önnur fyrirtæki í samkeppni við eða í verulegum viðskiptum við Orkuveitu Reykjavíkur.

Hafa þekkingu og reynslu sem hæfir þeirri ábyrgð sem stjórnarsetunni fylgir.

Hafa tök á að verja nægilegum tíma til stjórnarstarfa.

[Hér eru settir fram tveir mismunandi kostir á niðurlagi greinarinnar auk þess kosts að gr. 5.6 ljúki hér og sleppa báðum eftirfarandi valkostum.]

a. Til að tryggja skýr mörk milli hlutverka eigenda og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur skulu hvorki fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda né handhafar eigendavalds eiga sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða stjórnnum dótturfyrirtækja.

b. Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa í stjórn Orkuveitunnar. Til að tryggja lýðræðislegt umboð og styrkja samband stjórnar og eigenda teljast aðeins aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum kjörgengir.



Önnur veigamikil atriði

- Rekstarformið
 - Sátt er í nefndinni en lagaumhverfi að verða óhagfelldara.
- Kjarnastarfsemi
 - Hugsanleg sala á GR til skoðunar hjá stjórn OR
- Minnihlutavernd
 - Er hún næg eða of mikil?
- Arðgreiðslur
 - Eiga þær að vera afkomutengdar eða fastar?
- Upplýsingagjöf
 - Er aðgangur sveitarstjórnarfólks að upplýsingum skynsamlega skilgreindur?



Næstu skref

- Drögin birt opinberlega
 - Umsagnarfrestur til 15. ágúst
- Úrvinnsla eigendanefndar á athugasemdum
- Tillaga að eigendastefnu til sveitarstjórna
 - Drög að nýjum sameignarsamningi
 - Drög að frumvarpi til laga um OR
- Uppskipting OR
 - Sækja stjórnvöld um undanþágu?
 - Skipulag samstæðu OR?

